



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Minjavörður Norðurlands  
eystra  
Borgum v/Norðurslóð  
600 Akureyri

(354) 570 13 15  
(354) 832 17 00

www.minjastofnun.is  
Kennitala: 440113-0280

Norðurþing  
Sigurdís Sveinbjörnsdóttir,  
Aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa  
Ketilsbraut 7-9  
640 Húsavík

Akureyri 19. mars 2021  
MÍ202103-0062/ 6.10 / S.G.

## Umsögn vegna malarefnistöku í landi Skóga 3, Norðurþingi

Með tölvupósti sendum 26. janúar 2021 óskaði aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa Norðurþings eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku í landi Skóga 3, Norðurþingi.

Engin fornleifaskráning hefur farið fram á svæðinu fyrir utan heimildakönnun um menningarminjar frá árinu 2001 (Hildur Gestsdóttir & Sædís Gunnarsdóttir *Menningarminjar í Reykjahverfi. Svæðisskráning* Fornleifastofnun Íslands 2001). Minjavörður kannaði svæðið á vettvangi þann 19 mars síðastliðinn. Framkvæmdaaðilar hafa þegar hafið vinnu á svæðinu og erfitt að átta sig á staðháttum, en engar fornleifar sáust á vettvangi. Minjastofnun Íslands gerir því ekki athugasemdir við framkvæmdirnar, en gerir athugasemd við að framkvæmdir séu hafnar áður en stofnunin hefur tekið svæðið út á vettvangi.

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnvöldum og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

**Sædís Gunnarsdóttir**  
Minjavörður Norðurlands  
eystra  
saedis@minjastofnun.is

Virðingarfyllst,

*Sædís Gunnarsdóttir*

Sædís Gunnarsdóttir  
Minjavörður Norðurlands eystra

*Afrit sent:*  
Skipulagsstofnun